Morgunblaðið

MÁNUDAGUR 18. JÚNÍ 2012

• Stofnað 1913 • 140. tölublað • 100. árgangur •

EVRÓPUMÓTIÐ HEFUR GENGIÐ FRÁBÆRLEGA

GEIR VIÐ EFTIRLIT Í VARSJÁ 2

OLÍUTUNNUR URÐU AÐ BARNALEST

TOMMI TOGVAGN 10

HEF ÞÖRF FYRIR AÐ SKAPA ÞVÍ LISTIN AUÐGAR LÍFIÐ

OLIVIER MANOURY 26

Feðginum bjargað úr Borgarfirði

■ Björgunarsveitir frá Borgarfirði, Akranesi og höfuðborgarsvæðinu ásamt þyrlu frá Landhelgisgæslunni voru kallaðar út rétt fyrir kl. 22 í gærkvöldi til leitar að manni sem talið er að hafi fallið fyrir borð á gúmmíbáti í Borgarfirði. Maðurinn fannst í Miðfjarðarskeri og var bjargað um borð í þyrluna um klukkan 23. Hann var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík, en ekki var vitað um líðan hans er blaðið fór í prentun.

Dóttir mannsins var með honum í för og komst hún af eigin rammleik í land í einni af Borgareyjum skammt frá Borgarnesi, þar sem báturinn fannst. Þau voru bæði í flotbúningi.

Ljósmynd/Guðbjörg Helga

Hugað að hreiðri Óðinn Ívarsson og Sigríður Hanna Sigurðardóttir í Norðurkoti.

Gott vor og dúnn fyrir hálfan milljarð

■ Spurn eftir æðardúni er mikil um þessar mundir og hefur verð farið hækkandi frá árinu 2010. Ef fram heldur sem horfir fer verðmæti útflutts æðardúns yfir hálfan milljarð á árinu. Mest af dúninum er flutt út til Japans og er hann m.a. notaður í hágæðasængur sem kosta 2-5 milljónir króna í verslunum í Japan.

Æðarvarp telst til hlunninda á um 400 býlum og af hreinsuðum dún fást um og yfir þrjú tonn. 160-300 þúsund krónur fást fyrir kílóið. Vorið var gott fyrir æðarbændur víðast hvar, en hret í maí gerði þó strik í reikninginn hjá einhverjum bændum á norðanverðu landinu. »6

Morgunblaðið/Ómar

Glatt á hjalla á þjóðhátíðardeginum

Gleðin var við völd í gær þegar þjóðhátíðardagurinn var haldinn með skrúðgöngum, ávörpum, dansi og skemmtunum af ýmsu tagi. Hátíðahöldin í Reykjavík hófust að vanda með samhljómi kirkjuklukkna, guðsþjónustu í dómkirkjunni, hátíðardagskrá á Austurvelli og skrúðgöngu í kirkjugarðinn við Suðurgötu þar sem blómsveigur var lagður að leiði Jóns Sigurðssonar.

Eftir skrúðgöngu frá Hlemmi niður Laugaveg færðist fjör í leikinn með barna- og fjölskylduskemmtunum í miðborginni. Á myndinni dansa börn í þjóðbúningum á Árbæjarsafni.

AFP

Úrslit Stuðningsmaður Nýs lýðræðis fagnar sigri í gærkvöldi.

ESB andar léttar

● **Andstæðingar neyðarlána unnu mikið á**

Íhaldsflokkurinn Nýtt lýðræði virðist hafa farið með nauman sigur af hólmi í grísku þingkosningunum í gær. Antonis Samaras, formaður flokksins, stefnir að því að mynda nýja ríkisstjórn eins fljótt og auðið verður. Hann sagði að Grikkir myndu standa við skuldbindingar sínar gagnvart alþjóðastofnunum.

Þetta voru aðrar þingkosningarnar í landinu á fjörutíu dögum en ekki tókst að mynda starfhæfa meirihlutastjórn eftir fyrri kosningarnar sem fóru fram í maí.

Vinstriflokkurinn Syriza, sem er á móti neyðarlánum Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, vann mikið á og hlaut næstflest atkvæði. Flokknum hafði jafnvel verið spáð sigri í kosningunum og óttast hafði verið að það gæti þýtt að Grikkir þyrftu frá að hverfa í evrusamstarfinu. »15

Vill ekki þingfundi í júlí

● Þingforseti vísar til lögbundins sumarleyfis starfsmanna

● Formaður VG segir ekki verða hvikað frá áætlun á þingi

SÝN FRAMBJÓÐENDA

Æðardúnn tekur flugið á ný

● Mikil verðhækkun og útlit fyrir að verðmæti útflutts æðardúns fari yfir hálfan milljarð á árinu ● Þægilegt að eiga við varpið í þurrki og hægviðri ● Áhyggjur af ref og mink í æðarvarpinu

BAKSVIÐ
Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Ljósmynd/Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir

Tilhugalíf Kollur og blikar við flugvöllinn á Ísafirði síðastliðið vor. Varp virðist víðast hafa tekist vel og hretið í maí ekki hafa haft mikil áhrif.

Vel horfir með æðardúnstekju á þessu sumri og meðan margir bændur kvarta yfir þurrki hentar hann æðarbændum vel. Eftirspurn eftir dúni hefur verið mikil síðustu misseri og virðist ekkert lát á henni. Verð hefur farið hækkandi frá árinu 2010 og hækkar enn. Ef áfram heldur sem horfir munu verðmæti útflutts æðardúns fara yfir hálfan milljarð króna á árinu.

Æðarvarp er allt í kringum landið nema á sendinni suðurströndinni og telst til hlunninda á um 400 býlum. Hreiðrin eru allt frá nokkrum upp í um fjögur þúsund og er dúntekja á ári um þrjú tonn af hreinsuðum æðardúni. Mestallur æðardúnn er fluttur út sem hráefni á erlenda markaði. Aðalmarkaður er Japan, Þýskaland og Austurríki. Ef æðardúnn er fluttur til Evrópu er vörur úr honum fullunnar þar, sem síðan eru að mestu seldar til Japan. Stöðugt er unnið að því að fullvinna úr æðardúni hér á landi og hefur slík vinnsla aukist.

Markaðir taka við sér

Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, atvinnu- og hlunnindaráðgjafi hjá Bændasamtökunum, segir að markaðir virðist sterkir enda mikil eftirspurn um þessar mundir og eldri birgðir uppurnar hjá flestum sölluaðilum. „Kílóið af æðardúninum er komið um og yfir eitt þúsund evrur og í einhverjum tilfella upp í 1.800 evrur," segir Guðbjörg, en í krónum eru þessar upphæðir 160-300 þúsund.

„Það var erfitt hjá mörgum árið 2009, en nú hefur markaðurinn tekið mikinn kipp og það lætur nærri að bændur fái allt að helmingi hærri greiðslur heldur en 2009. Þá voru flutt út um 1.650 kíló, en útflutningurinn var 3.662 kg árið 2010 og 3.050 kg í fyrra."

Guðbjörg segir að langmest af æðardúninum fari í hágæðasængur og sé verð á þeim gjarnan 2-5 milljónir króna í verslunum í Japan. Hún segist hafa heyrt um margfalt hærra verð, en ekki fengið þær tölur staðfestar. Óttast var að skjálftar og flóð í Japan fyrir rúmu ári hefðu áhrif á eftirspurn, en að undanskildum afturkipp fyrstu vikur á eftir var markaðurinn fljótur að jafna sig.

Hópar kaupenda hingað til lands

Erlendir kaupendur fylgjast vel með framleiðslu hér á landi og Japanar gera mjög miklar kröfur og framkvæma gæðapróf á dúninum. Auk þess hefur allur útfluttur æðardúnn verið metinn af dúnmatsmönnum hér á landi og fylgir vottorð hverri sölueiningu þess efnis.

Þá koma hópar kaupenda hingað til lands á hverju vori til að fylgjast með varpi, dúntekju og hreinsun. Bændur hreinsa dúninn margir sjálfir og í um tíu stærri stöðvum fer hreinsun einnig fram. Á einstaka stað er farið að þvo dúninn fyrir útflutning, ýmist með handþvotti eða vélþvotti.

Erfitt að sanna orðróm

Árið 2009 kom upp kvittur um að hvítur dúnn af alifuglum hefði verið notaður í dúnsængur, sem ranglega voru sagðar frá Íslandi. Kannað var með réttmæti þessa og eins hvort ástæða væri til málaferla, en horfið var frá því þar sem erfitt var talið að sanna þennan orðróm og kostnaðarsamt að reka slíkt mál í Japan, að sögn Guðbjargar.

„Hretið um miðjan maí í vor kemur vonandi ekki að sök að þessu sinni, en það kemur betur í ljós þegar farið verður að hreinsa dúninn," segir Guðbjörg. „Almennt er gott hljóð í bændum og þægilegt hefur verið að eiga við varpið í þurrki og hægviðri, sem víða hefur verið undanfarnar vikur. Hretið í fyrra var miklu erfiðara og það var langvinnt á norðanverðum Vestfjörðum og Norðausturlandi þar sem æðarfugl hrökklaðist af hreiðrum. Í fyrra var erfitt að komast í varpið og mikið af dúni varð veðri og vindum að bráð."

40 teistur á þremur tímum

Hún segir ref og mink vera mikið vandamál í æðarvarpi og því miður sé engin stýring á stærð refastofnsins. Þá hafi hegðun hans breyst á síðustu árum, hann hagi sér á margan hátt eins og hundar, sé spakari en áður, stökkvi yfir girðingar og láti grunnsævi ekki hindra sig í ætisleit. „Tófan er mjög stórt og alvarlegt vandamál, ekki bara gagnvart æðarvarpi, heldur líka mófuglum og sauðfé," segir Guðbjörg.

Minkurinn sé sömuleiðis mikið vandamál og lítið sé gert til að fækka honum. Í fyrra hafi minkur komist út í Vigur í fyrsta sinn og á aðeins þremur klukkustundum hafi hann drepið um 40 teistur.

Æðarræktarfélag Íslands hefur ítrekað fjallað um þessa skaðvalda og í ályktunum frá síðasta ársfundi er hvatt til þess að fyrirkomulag refaveiða verði endurskoðað og fjárveitingar til veiðanna tryggðar til frambúðar. Einnig að öll lífdýr í loðdýrabúum verði örmerkt. Þá var ítrekuð áskorun félagsins til umhverfisráðherra að halda áfram því verkefni að útrýma mink á Íslandi. „Það eru miklir hagsmunir æðarbænda og íslenskrar náttúru að þetta innflutta aðskotadýr hverfi af landinu," segir í skýringu með ályktuninni.

„Þetta er lífið"

Vorið er annatími í sveitinni og þegar stórt æðarvarp bætist við 700 fjár og 40 nautgripi verður ekki mikið um svefn. Þetta er veruleikinn hjá Eiríki Snæbjörnssyni og fjölskyldu hans á Stað í Reykhólasveit, en á Stað búa þau Eiríkur og Sigríður Magnúsdóttir félagsbúi með dóttur sinni Rebekku og manni hennar, Kristjáni Ebeneserssyni. Þess má geta að æðarvarpið og önnur hlunnindi eru í óskiptri sameign bæjanna Staðar og Árbæjar, en í Árbæ búa þau Ása Stefánsdóttir og Þórður Jónsson.

„Þetta er lífið og ástæðulaust að kvarta," segir Eiríkur í spjalli, en í Reykhólasveit eru yfir 80% jarða með hlunnindi af æðarvarpi og/eða silungi.

„Þetta er gott vor. Almennt bera hlunnindabændur sig vel og hretið í maí hafði ekki áhrif hér um slóðir. Einstaka staðbundin svæði hafa þó orðið fyrir ágangi af flugvargi, einkum hrafni og erni. Af erninum eru það einkum ungir geldfuglar sem flækjast um og valda oft miklum usla, en síður ráðsettir ernir sem komnir eru í varp."

Eiríkur segir að þeir hafi að mestu verið lausir við minkinn síðustu 6-7 ár vegna þess að honum sé haldið í skefjum. Hans verður þó vart við og við, einkum í hinum gamla Múlahreppi. Þess má geta að Eiríkur nytjar æðarvarpið á Svínanesi í Múlahreppi. Refurinn hefur oft verið erfiðari í varpinu heldur en í vor, en í vetur voru nokkur dýr felld í grennd við Stað. Stöðugt eftirlit þurfi að hafa með þessum vágestum, enda hefur ref fjölgað að undanförnu.

Yfir talsvert svæði er að fara á landi, eyjum og skerjum. Auk hefðbundins búskapar og dúntekjunnar er dúnhreinsistöð á Stað. Þá selur Eiríkur og hans fólk sjálft dúninn og fer fyrsta sendingin til erlendra kaupenda síðsumars.

Eiríkur á Stað Sláttur hófst á Reykjanesi um helgina.

Eftirlíkingar af arnareggjum

Ekki nægja þessi verkefni Eiríki því á veturna smíðar hann og rennir ýmsa gripi. Hann nefnir penna og skálar og nú síðast renndi hann eftirlíkingar af arnareggjum fyrir arnarsetrið í Króksfjarðarnesi, sem verið er að opna, en þar er jafnframt handverksmarkaður. Þá er hann þátttakandi í verkefninu „Beint frá býli" og verkar og selur meðal annars hangikjöt og reyktan rauðmaga.

Erlendir kaupendur hafa oft verið gestir á Stað, en í sumar er ekki von á slíkum heimsóknum. Eiríkur var hins vegar nýverið beðinn að taka á móti japönsku kvikmyndagerðarfólki, en fyrirhugað er að gera kynningarmynd um æðarvarp á Íslandi. Vegna anna varð hann að hafna þessu erindi. Fyrir nokkrum árum dvaldi hins vegar hópur franskra kvikmyndagerðarmanna um tíma á Stað til að gera mynd fyrir þýsk-franska sjónvarpsstöð.

Alþjóðleg ferðaráðgjöf
IATA UFTAA Authorised Training Centre
Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa" til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is

Ferðamálaskóli Íslands
Bildshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22